

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Hinn 21. september 1983 hefur skipulagsstjórn ríkisins staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, að svæði beggja vegna Vatnagarða að götunni Sægörðum, vestan Kleppsspítala, sem sýnt er í gildandi aðalskipulagi sem útivistarsvæði, verði framvegis ætlað fyrir iðnað og vörugæymslur.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. október 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Jón S. Ólafsson.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. janúar 1984.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október 1983 til 31. janúar 1984.

#### Vélskeflett rækja:

##### Færri en 350 st. í lb.:

	SDR pr. lb. cif.
Blokkfryst .....	2,800
5 × 2 kg og 4 × 2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst .....	2,800
5 × 2 kg og 4 × 2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst .....	2,935
500 gr vatnshúðuð, sérfryst .....	3,261
200 gr vatnshúðuð, sérfryst .....	3,419

##### Fleiri er 350 st. í lb. og óflokkuð:

Blokkfryst .....	2,676
5 × 2 kg og 4 × 2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst .....	2,676
5 × 2 kg og 4 × 2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst .....	2,800
500 gr vatnshúðuð, sérfryst .....	3,104
200 gr vatnshúðuð, sérfryst .....	3,261

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 23. september 1983.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*